

Nd.

## 754. Frumvarp

til laga um breyting á lögum  
um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stjórn landsbankans eru 2 bankastjórar, er ráðherra skipar, og tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann þeim grein fyrir skriflega, hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og stýra þeim með aðstoð gæzlustjóra.

Nákvæmari fyrirmæli um sambandið milli bankastjóra sín í milli og bankastjóra og gæzlustjóra verða ákveðin í reglugjörð, er ráðherra setur.

4. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og vikur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá annarhvor gæzlustjórin í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði þess gæzlustjórans úr, er fyr var kosinn.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun kr. 6000,00 hvor og gæzlustjórar 1000 kr. hvor. Bókari hefir að launum kr. 3500,00 og féhirðir kr. 2400,00 auk  $\frac{1}{6}\%$  af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í féhirzlu bankans eða úr, alt að kr. 2600,00. Núverandi féhirðir heldur þó þeim launakjörum, er hann nú hefir. Féhirði ber að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur. — Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu. —

Láti núverandi framkvæmdarstjóri af forstöðu bankans fær hann árlega 4000 kr. lífeyri.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. — Ráðherra getur og hvenær sem er látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar né sýslunarmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1910 og er úr gildi numinn IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka svo og lög nr. 24., 2. okt. 1891 um breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891.